

454. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 1. mars 2022 kl. 14:00. Fjarfundur haldinn í Teams.

Fundargerð

Þessir tóku þátt í fundinum:

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, settur skrifstofustjóri landbúnaðarskrifstofu í matvælaráðuneytinu (MAR), Arnar Freyr Einarsson, nefndarmaður og sérfræðingur hjá MAR, Gunnar Þorgeirsson, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og verkefnisstjóri hjá BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ, og Ásgeir Runólfsson, nefndarmaður og sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu (boðaði seinkun og mætti til fundar undir 2. dagsskrárlið) og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá MAR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Sigurður Eyþórsson og Ólafur Friðriksson, sérfræðingar hjá MAR og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ.

Þetta var gert:

Fyrir fundinum voru staðfest eftirtalin tvö erindi sem áður hafði verið gengið frá í tölvupósti á milli funda:

- A. Tillaga frá Sambandi garðyrkjubænda um **ráðstöfun fjármuna (um 15.000.000,- kr.) til loftlagsverkefna** dags 13. september 2021 skv. 2. grein samkomulags um breytingar á samningi um starfsskilyrði garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016, dags. 14. maí 2020. Annars vegar er um að ræða verkefnið *Loflagsvæn garðyrkja*, áætlað framlag 10.000.000,- kr. og hins vegar verkefnið *Gagnagrunnur um garðplöntur* (www.gardplontur.is), áætlað framlag 5.000.000,- kr. Nefndarmenn samþykktu tillöguna með tölvupósti í janúar 2022.
- B. Tillaga frá Bændasamtökum Íslands um **ráðstöfun fjármagns (45.000.000,- kr.) til verkefnisins erfðamengisúrval í íslenskri nautgriparækt** af 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt (framleiðslujafnvægislið). Nefndarmenn samþykktu tillöguna með tölvupósti í janúar 2022.

Málefni á fundi:

1. **Beingreiðslur C í garðyrkju.** Farið var yfir fyrirkomulag ársuppgjors í beingreiðslum C í garðyrkju vegna raforku. Það liggur fyrir að nægt fjármagn er til að framkvæma ársuppgjör þannig að beingreiðslur ársins 2021 nemi 95% af kostnaði vegna dreifingar og flutnings raforku ársins 2021. Nefndarmenn fögnuðu þessum áfanga.
2. **Þróunarfé búgreina.** Lagt var til að umsóknarfresti umsókna um þróunarverkefni yrði seinkað þannig að unnt væri taka í notkun nýtt umsóknarkerfi í Afurð samhliða. Tillagan var samþykkt með þeim fyrirvara að ráðuneytið yrði í sambandi við fagraðin vegna málsins.
3. **Álagsgreiðsla vegna hækkunar á áburði.** Verklagsreglur kynntar sem ráðherra hefur samþykkt. Nefndarmenn leggja áhersla á að fjármunir sem fara til RML verði nýttir í þágu bænda.

Fleira ekki tekið fyrir, og fundi slitið um kl. 14:20.